

Krakkapaulinn með Ferðafélagi Akureyrar 2023

Garðsárreitur í Eyjafjarðarsveit - stutt ganga

Fullorðnir fara með börnunum

Leiðin liggur inn í Eyjafjarðarsveit. Ekið er fram Eyjafjörð að austan og eftir Eyjafjarðarbraut. Ef ekið er til suðurs þá er beygt til vinstri rétt áður en komið er að nýlegu ræsi yfir Þverá. Haldið er áfram þann veg þar til komið er til móts við húsið Garðsá þar sem hægt er að leggja bílum. Einnig er hægt að leggja nokkrum bílum við Garðsárreit. Fara þarf yfir girðingu. Göngustígar liggja um skóginn. Svo er bara að ganga um og finna kassa FFA þar sem gatarinn er ásamt þraut sem þarf að leysa.

Göngustígar liggja einnig meðfram gilinu þar sem er merktur útsýnisstaður, ekki er nauðsynlegt að fara að gilinu. **En ef farið er þangað þarf að gæta að börnum og ekki láta þau fara á undan og ekki vera ein þar.** Gilið er mikilfenglegt og tilvalið að staldra þar við, setjast niður og njóta.

Skógræktarfélag Eyfirðinga girti Garðsárreit 1931 til að friða gilið og umhverfi þess og leyfa birkinu, sem þar var, að dreifa sér um reitinn. Birkikjarr hafði þá verið í gilinu frá ómunatíð, enda illkleift mönnum og skepnum. Síðan hefur öðrum trjátegundum verið plantað í reitinn. Hæsta tréð í reitnum er alaskaösp sem er yfir 18 m. Eitt af því sem gaman er að skoða í reitnum eru melarnir sem áður voru ógrónir. Við friðunina hafa þeir gróið smám saman upp og þegar trén fóru að bera fræ sáðu þau sér á melana svo nú eru þeir óðum að klæðast trjágróðri. Upplagt að reyna að finna sem flestar trjátegundir.